

Þær áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir í Evrópu eru að mörgu leyti keimlíkar í ólíkum löndum. Kennaraskortur blasir við í mörgum Evrópuríkjum, margir kennarar upplifa streitu í starfi og víða ríkir óánægja með kjör og starfsaðstæður. Í nýútkominni skýrslu Eurydice um [*Kennara í Evrópu*¹](#) eru teknar saman upplýsingar úr ýmsum áttum um skólakerfi 38 Evrópulanda. Í skýrslunni er unnið með niðurstöður TALIS rannsóknarinnar á starfsháttum og viðhorfum kennara á unglingastigi, auk upplýsinga um lagalegt umhverfi og aðra umgjörð kennarastarfsins í þátttökuríkjunum. Hvað niðurstöður fyrir Ísland varðar, kemur margt áhugavert í ljós. Ísland er í hóp 10 landa þar sem brottfall úr kennarastétt er hvað mest og streita í starfi mælist fyrir ofan meðaltal í Evrópu. Hér á landi er gert ráð fyrir fleiri tímum til starfsþróunar en í flestum samanburðarlöndunum. Ísland er einnig eitt þeirra landa þar sem gert er ráð fyrir að kennarar geti tekið tiltölulega löng leyfi frá kennslu til starfsþróunar að uppfylltum vissum skilyrðum. Ólíkt mörgum ríkjum, hefur íslensk kennarastétt ekki þurft að glíma við lítið starfsöryggi.

Skýrslan leiðir m.a. í ljós að tæplega helmingur kennara í álfunni upplifir töluverða eða mikla **streitu** í starfi. Streitan er minni í skólum þar sem lögð er áhersla á mikla samvinnu kennara. Breyttar kröfur skólayfirvalda til kennara geta valdið streitu, s.s. aukin skrifinnnska, bekkjarstjórnun og sú ábyrgð sem lögð er á herðar kennara að tryggja góðan námsárangur nemendanna. Niðurstöður benda einnig til að minni streita tengist m.a. betri starfsþjálfun, sjálfstæði í starfi og trú á eigin getu til að virkja nemendur.

Í sumum þátttökuríkja er **lítið starfsöryggi** kennara talið vera vandamál. Þannig eru aðeins einn af hverjum þremur ungum kennurum (yngri en 35 ára) í þátttökulöndum með fastan ráðningarsamning. Um 2/3 hlutar evrópskra kennara á þessum aldri þurfa að búa við skammtímasamning eða tímabundinn samning af einhverju tagi. Ekki er ólíklegt að þetta skýri að hluta minnkandi aðsókn að kennaranámi víðsvegar um Evrópu.

Það er athyglisvert að umræður um **kennaraskort** og óánægja með laun o.fl. eru ekki séríslensk viðfangsefni því mörg Evrópulönd glíma við svipaðan vanda. Samkvæmt skýrslunni eru kröfur til kennara víðast orðnar meiri og fjölbreyttari. Í mörgum löndum er skortur á réttindakennurum í tilteknar kennslugreinar, meðalaldur hækkar og menntaðir kennarar leita út fyrir skólakerfið í leit að starfi. Við þetta bætist tiltölulega dræm aðsókn að kennaranámi. Stjórnvöld um alla Evrópu standa í áætlanagerð til þess að bregðast við vanda af þessu tagi.

Laun kennara eru mjög breytileg í Evrópu og hið sama gildir um **ánægju með launin**. Innan við 40% kennara í Evrópu eru ánægðir eða mjög ánægðir með launin. Ánægjan fer að nokkru leyti eftir því hvernig launin eru í samanburði við aðra í sama landi. Eins ber á óánægju með það hve launin breytast lítið með auknum starfsaldri eða með frystingu launa vegna aðstæðna í efnahagslífinu en þó er þetta mjög misjafnt milli landa. Ánægjan er mest í Belgíu (flæmska hlutanum) og í Austurríki, en lítil á Íslandi og í Portúgal. Launin hér á landi eru ekki lág í beinum samanburði við önnur lönd, en lægri ef tekið er tillit til þjóðarframleiðslu á mann í hverju landi. Við túlkun á gögnum um launasamanburð þarf þó að

¹ European Commission/EACEA/Eurydice, 2021. *Teachers in Europe: Careers, Development and Well-being*. Eurydice report. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

hafa í huga að tölurnar fyrir Ísland endurspeglar laun *allra* sem starfa við kennslu, hvort sem þeir eru með leyfisbréf kennara eða ekki, en gera má ráð fyrir að laun kennara með leyfisbréf séu hærri.

Misjafnt er eftir löndum hvort **launahækkanir** tengist breytingum á ábyrgð og hlutverki kennarans í skólanum eða hvort launin hækka einfaldlega jafnt og þétt eftir aldri og/eða starfsaldri, óháð þeirri ábyrgð og viðfangsefnum sem kennarinn hefur með höndum í skólanum.

Hlutfall **starfsþjálfunar** eða æfingakennslu í kennaranáminu er mjög breytilegt milli landa, frá 8% heildarnámstímans (á Ítalíu og í Svartfjallalandi) til allt að helmingi námstímans (á Írlandi og Möltu og í franska hluta Belgíu).

Þátttaka í **starfsþróunarverkefnum** er meiri í löndum þar sem tiltekinn tími er beinlínis tekinn frá til þess að kennari geti sinnt slíkum verkefnum. Í flestum löndum er gerð krafa um sérstaka starfsþróunaráætlun fyrir hvern skóla. Í þeim löndum er þátttaka í starfsþróun einnig meiri. Í flestum Evrópulöndum eiga kennarar kost á launuðu leyfi til starfsþróunar.

Í flestum Evrópulöndum hafa æðri stjórnvöld gefið út leiðbeiningar um **starfs- og kennslumat og framgang í starfi**. Í mörgum tilfellum er starfsmatið nýtt til þess að ákvarða framgang í starfi, launahækkanir eða aukagreiðslur ofan á grunnlaun. Einn helsti tilgangurinn er þó að veita kennurunum gagnlega endurgjöf um starf þeirra. Niðurstöður benda til þess að tengsl séu á milli þess að stjórnvöld setji fram skilgreindan ramma eða leiðbeiningar um starfsmat kennara og þess að kennarar meti það svo að þeir hafi fengið gagnlega endurgjöf. Um þriðjungur kennara í þáttökulöndunum taldi að sú endurgjöf sem þeir fengu frá sínum yfirmönnum hafi ekki verið sérlega gagnleg. Oftast er mat á störfum kennarans í höndum skólastjóra og fer fram með viðtölum eða innliti í skólastofur. Mat á störfum kennarans er algengast í Eystrasaltslöndunum og í sjö löndum Austur-Evrópu, Bretlandi, Svíþjóð og Tyrklandi (um 90% árlega) en fátíðara í Vestur- og Suður-Evrópu, auk Finnlands.

Rúmlega 40% kennara í Evrópusambandinu, einkum tungumálakennarar, hafa farið til **útlanda** í erindum tengdum starfinu eða kennaranáminu og hefur þetta hlutfall hækkað umtalsvert á fimm ára tímabili. Ferðir til útlanda vegna starfsins eru algengastar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Hér á landi hafa um 80% kennara farið til útlanda í slíkum erindum. Í Hollandi og Kýpur er hlutfallið um 2/3. Í öðrum löndum er hlutfallið lægra.

Kennarar hætta störfum víðast um 65 ára aldur. Í löndum þar sem venja er að kennarar hætti fyrr er nú tilhneiging til breyta reglum þannig að **eftirlaunaaldurinn** hækki. Einnig fækkar þeim löndum sem áður gerðu konum kleift að hætta fyrr en körlum.

Í flestum löndum er **kennaranám** á meistarastigi.

Vinnutími kennara í þáttökuríkjunum eru að jafnaði 39-40 stundir á viku og fer um helmingur vinnutíma kennara í kennslu. Um fjórðungur vinnutímans fer í undirbúning kennslu og yfirferð nemendaverkefna en um fjórðungur í stjórnunarstörf og fundi, þar á meðal foreldrafundi, samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar.